

Fimmtudaginn 16. júlí 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 10:00.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Sigríður Huld Skúladóttir (í gegnum fjarfundabúnað), Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

**Dagskrá:**

**1. Tengingar fyrir Vodafone í Hörðuból.**

Á 27. fundi stjórnar Dalaveitna ehf. 24.06.2020 var framkvæmdastjóra falið að leita ráðgjafar lögmans. Leitað var til Magnúsar Pálma Skúlasonar lögmans.  
*Framkvæmdastjóra falið að gera drög að svari í samráði við Magnús.*

Magnús Pálmi Skúlason tók þátt í fundinum undir dagskrárlið 1 í gegnum síma.

**2. 1902021 – Framkvæmdir 2019.**

Farið yfir stöðu varðandi tengingar og lagningu ljósleiðara frá Ólafsdal inn í botn Gilsfjarðar.

*Fyrir liggur að núverandi verktaki kemst ekki í verkið fyrr en mögulega um miðjan september. Sæþóri falið að ræða við aðra sem mögulega gætu tekið verkið að sér. Skúli kannar kostnað við örbylgjusendi sem er valkostur við að leggja ljósleiðarastreng.*

Sæþór Kristinsson tekur þátt í fundinum undir dagskrárlið 2.

**3. 2005041 – Framkvæmdir 2020**

Lagning ljósleiðara yfir Svínadal skv. “Ísland ljóstengt, aukaúthlutun 2020”.

*Tímarammi verksins er að það þarf að hefjast eigi síðar en 1. september 2020 og vera lokið fyrir 1. apríl 2021. Semja þarf við verktaka sem getur unnið verkið innan tíma og kostnaðaráætlunar. Gangi það ekki eftir mun Dalabyggð þurfa að afsala sér styrknum sem fékkst í gegnum aukaúthlutunina.*

*Sæþóri falið að ræða við aðra sem mögulega gætu tekið verkið að sér.*

Sæþór Kristinsson tekur þátt í fundinum undir dagskrárlið 3.

**4. Undirbúningur aðalfundar.**

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fyrir aðalfund:

- Tillaga um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð. *Ekki verði greiddur út arður. Tekið verður lán vegna framkvæmda til að mæta tapi.*
- Tillaga um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf á árinu. *Lagt til að greiðslur til stjórnarmanna verði óbreyttar.*
- Kosning stjórnar. *Stjórn er tilnefnd af sveitarstjórn.*
- Kosning endurskoðanda. *Lagt til að KPMG verði endurskoðandi félagsins.*

**5. Dagsektir.**

*Óskað verði eftir fundi með Lás ehf.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

---

Skúli Guðbjörnsson

---

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

---

Kristján Sturluson

---

Sigríður Huld Skúladóttir